

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og  
Kópavogssvæðis

Gardatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • [www.heilbrigdiseftirlit.is](http://www.heilbrigdiseftirlit.is) • [hhk@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hhk@heilbrigdiseftirlit.is)

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri.  
Strandgötu 6

GHE/ghe 00.01      30. september 2015

Með vísun til samstarfssamnings um heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 22. febrúar 1999 sendist hér með fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Heilbrigðisnefnd fjallaði um áætlunina á fundi sínum þann 28. september 2015 og vísar henni til meðferðar hjá bæjarstjórnum aðildar sveitarfélaganna.

Virðingarfullst,  
f. h. heilbrigðisnefndar.

Guðmundur H. Einarsson,  
framkvæmdastjóri.



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og  
Kópavogssvæðis

Gardatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

## Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

	Hundhald	Heilbrigðiseftirlit	Alls
<b>TEKJUR</b>			
Framlag sveitafélaga til reksturs			
Framlag Hafnarfjarðar	11.800.000 kr.	11.800.000 kr.	
Framlag Garðabæjar	6.200.000 kr.	6.200.000 kr.	
Framlag Kópavogs	<u>14.100.000 kr.</u>	<u>14.100.000 kr.</u>	
Framlag sveitarfélaga alls	32.100.000 kr.	32.100.000 kr.	
Leyfi og skráningagjöld	4.200.000 kr.	4.450.000 kr.	8.650.000 kr.
Eftirlit	23.300.000 kr.	60.000.000 kr.	83.300.000 kr.
Annað	<u>400.000 kr.</u>	<u>8.930.000 kr.</u>	<u>9.330.000 kr.</u>
Sala alls	27.900.000 kr.	73.380.000 kr.	101.280.000 kr.
<b>Tekjur og framlag alls</b>	<b>27.900.000 kr.</b>	<b>105.480.000 kr.</b>	<b>133.380.000 kr.</b>
<b>GJÖLD</b>			
Heilbrigðisnefnd	500.000 kr.	3.100.000 kr.	3.600.000
Launa- og starfsm.kostnaður	14.150.000 kr.	75.180.000 kr.	89.330.000
Húsnæði	1.100.000 kr.	5.300.000 kr.	6.400.000
Skrifstofukostnaður	600.000 kr.	3.200.000 kr.	3.800.000
Tölvukostnaður	800.000 kr.	1.100.000 kr.	1.900.000
Aksturskostnaður	700.000 kr.	4.850.000 kr.	5.550.000
Funda- og fræðslukostnaður	200.000 kr.	900.000 kr.	1.100.000
Aðkeypt þjónusta	2.750.000 kr.	10.700.000 kr.	13.450.000
Ýmis rekstrarkostnaður	7.100.000 kr.	1.150.000 kr.	8.250.000
<b>Gjöld alls</b>	<b>27.900.000 kr.</b>	<b>105.480.000 kr.</b>	<b>133.380.000.</b>

30. september 2015.

*Guðmundur H. Einarsson*  
Guðmundur H. Einarsson,  
framkvæmdastjóri.



## Fjárhagsáætlun 2016.

### Stöðumat 2015

Áætlanir 2015 hafa gengið eftir. Fjöldi eftirlitsskyldrar starfsemi (um 1450 eftirlitsstaðir) er svipaður milli ára. Við verkefnaflutning til Umhverfisstofnunar með efnalögum fækkaði eftirlitsskyldum fyrtækjum nokkuð árið 2014. Eftirlitsskyldri starfsemi er að fjlga á ný. Verkefnum tengdum matvælaeftirliti, umhverfisvöktun og mengunaróhöppum er að fjlga.

### Íbúaþróun

Samkvæmt tölu Hagstofunnar voru íbúar þann 1. janúar 2015:

Sveitarfélög	Íbúafjöldi
Kópavogur	33.205
Hafnarfjörður	27.875
Garðabær	14.453
Samtals	75.533

Spár um íbúaþróun gera ráð fyrir áframhaldandi íbúafjölgun

### Almennt fyrir starfsáætlun

Eftirlitinu er ætlað að verndar hagsmuni íbúa nær samfélagsins og neytendur viðkvæmrar þjónustu og matvæla. Því er ætlað að stuðla að viðhaldi umhverfisgæða og jákvæðri þróun umhverfismála. Unnið er að þessu með því að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli. Áhersla hefur verið lögð á eftirlit hjá starfsemi sem er að hefjast. Starfsleyfi eru þá afgreidd og oft farið tímabundið í síðari eftirlitsferðir í trausti þess að það geti leitt til betri árangurs í framhaldinu. Lögð er áhersla á upplýsingajöf til fyrtækja í eftirliti. Samvinnu við önnur yfirvöld og birtingu upplýsinga til almennings á heimasíðu. Stöðugt er unnið að bættri eftirfylgni með framkvæmd reglna. Lagt er upp úr þjálfun og símenntun starfsmanna til að halda uppi gæðum í starfseminni og til að standast flóknari formreglur stjórnsýslunnar sem verða stöðugt tímafrekari í eftirliti. Fyrir liggar að yfirfara starfslýsingar sem eru mismunandi gamlar. Lagfæra þær í samræmi við breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi og aðlaga að þróun stofnunarinnar.

### Starfsmannahald

Fastir starfsmenn eru skrifstofustjóri og 7 heilbrigðisfulltrúar, þar af einn sem jafnframt er framkvæmdastjóri. Starfsmaður er við ræstingu skrifstofu húsnæðis í hluta starfi en húsfélag sér um ræstingu í sameiginlegu rými. Í lok september 2015 eru stöðugildi 9,25. Dýraeftirlitsmaður hætti störfum á miðju ári. Starfsmaður var ráðinn tímabundið til að leysa aðkallandi mál sem tengjast dýrahaldi. Áformað er að ráða í starf eftirlitsmanns með áherslu á dýraeftirlit á fyrri hluta næsta árs. Á liðnu sumri voru tveir háskólanemar (verkfræðinemi og líffræðinemi) ráðnir til eftirlitsstarfa.

Lögð er til aukning í starfsmannahaldi á næsta ári og ráðinn sérfræðingur til starfa í almennu umhverfiseftirliti. Áhersla verður á mengunarvarnareftirlit með starfsemi sem valdið getur mengun. Lagt er til að ráðið verði í það starf á síðari hluta næsta árs. Á árunum 2002 til 2007 var sérfræðingur í slíkri stöðu og skilaði það góðum árangri. Tímabært er að taka þá framkvæmd upp að nýju. Til lengri tíma skilar það ekki ásættanlegum árangri að vera með tímabundið starfsfólk í eftirlitsstörfum með fyrtækjum og umhverfi þó það hafi kosti til skamms tíma. Eftirfylgni verður ómarkvissari við það fyrrkomulag. Aukningar í vinnuframlagi við umhverfiseftirlit er jafnframt þörf vegna umhverfisvöktunar, vinnu vegna mengunaróhappa, frumkvæðisskyldu um upplýsingagjöf um umhverfismál, eftirlit með vatnsvernd og almenns eftirlits með mengunarvörnum og umgegni.

## Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum, almenningi eða stofnunum. Slikar veitur eru 7 talsins á svæðinu. Ný nálgun varð í eftirliti með efnun sem koma í snertingu við matvæli með lagabreytingu á matvælalögum í byrjun árs 2014. Þau verkefni kölluðu á sérstaka þjálfun og er verið að fylgja eftirliti eftir varðandi þau mál. Í lok síðasta árs var reglugerð nr. 1294/2014 (EB) innleidd hér á landi (nr. 1169/2011). Reglugerðin gerðir kröfur um skýrari, ítarlegri og nákvæmari upplýsingar um innihald matvæla sem auðvelda eiga neytendum að taka upplýsta ákvörðun um þau matvæli sem þeir neyta. Í reglugerðinni er jafnframt að finna þær meginreglur sem matvælafyrirtæki verða að uppfylla varðandi merkingu matvæla, s.s. varðandi læsileika á umbúðum, framsetningu varðandi ofnæmisvalda, næringargildisupplýsingar, upprunamerkingar, merkingar á viðbættu vatni o.s.frv. Þjálfun starfsmanns vegna þessarar vinnu er í gangi og hefur m.a. verið óskað þátttöku í þjálfunarnámskeiði Evrópusambandsins.

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi, skjalfestar verklagsreglur og eftirlitsáætlun eru tæki sem nýtt eru til samræmingar á eftirliti. Matvælastofnun hefur verið að þroa gagnagrunnskerfið „Ísleyf“ til að styrkja matvælaeftirlitið í landinu og samræma vinnulag. Unnið er að innleiðingu á gagnagrunninnum til að halda utan um upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður. Jafnframt því er unnið að áhættumati og þróun eftirlitshandbókar. Þessir þættir koma jafnframt til með að auka gæði í eftirliti.

Matvælaeftirlit skal fjármagnað samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin gefa út fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda. Skulu matvælafyrirtækin greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum: a) launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, b) öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, c) kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku. Fyrirtækin eiga sjálf að taka sýni til að tryggja að örverufræðileg viðmið standist. Opinberir eftirlitsaðilar eiga að taka sýni til að sannprófa að niðurstöður fyrirtækjanna standist.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA-landanna, er með eftirlitsheimsóknir í EFTA-löndunum. Kannar stofnunin þannig eftirfylgni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlitssvæðin, Tollstjóri, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru stofnanir sem ESA gerir úttektir hjá í sambandi við matvæli og neysluvatn. Engin úttekt ESA var hjá HHK á þessu ári. Áætlun ESA fyrir næsta ár er ekki kunn ennþá.

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo umt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborins sjúkdóms. Tilvik varðandi þessi atríði eru ekki mörg á ári en gera veður ráð fyrir bæði vinnu á fjármagni til rannsókna. Hættan á að eitthvað fari úrskeiðis er til staðar.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar heldur að jafnaði fimm fundi á ári. Hlutverk hópsins er að stuðla að samráði og samræmingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins. Auk þess er vorfundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum vegna sameiginlegra verkefna og samræmingar á vinnubrögðum. Á hverju ári eru skipulögð eftirlitsverkefni og eru nú þrjú til fimm verkefni í undirbúnungi fyrir næsta ár.

## Hollustuháttu- og mengunarvarnaeftirlit

Vegna hollustuháttaeftirlits er algengust ein eftirlitsferð á ári í fyrirtæki eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem eru eftirlitsskyld samkvæmt reglugerð um hollustuhætti eru um 500 heimsóknir. Veitingastaðir eru þá flokkaðir með matvælafyrirtækjum og tannlæknastofur með starfsemi sem valdið getur mengun. Verulegt áhyggjuefni er að hávaðavörnum í stofnunum ætluðum börnum hafi ekki verið sinnt nægjanlega. Heyrn barna er viðkvæmari en fullorðinna og kallar það á nánari skoðun. Ráðgert er eftirlitsverkefni á landsvísu á árinu 2016 í skoðun á þessum málum og niðurstöður verði nýttar við gerð á tillögum að aðgerðaáætlun til úrbóta ef við á.

Vegna mengunarvarnaeftirlits er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári í fyrirtæki eða eftirlit annað hvert ár. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða vegna mengunarvarnaeftirlits eru um 350 á ári. Eftirlitsáætlun er yfirfarin á hverju ári. Samstarfsverkefni á landsvísu á árinu 2016 er í undirbúningi um „áhættugreiningu eftirlitsskyldra aðila – tæki til að stýra eftirliti þangað sem þess er þörf“. Mengunaróhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúnin þeim. Í fylgiskjali 2 með greinargerð þessari er tekið saman yfirlit um mengunaróhöpp síðustu árin.

## Umhverfisvöktun

Í fylgiskjali 1 með greinargerð þessari er tekin saman lýsing á þróun umhverfisvöktunar frá árinu 2000 sem er aðallega á svíði loftgæðamælinga og gerlamælinga í vötnum, lækjum og strandsjó. Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróm. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerðar sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiði er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Staðfest hefur verið nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins "Höfuðborgarsvæðið 2040" sem felur í sér skipulag vatnverndar og við gildistöku þess félí úr gildi Svæðisskipulag vatnverndar á höfuðborgarsvæðinu, frá 1999. Einnig hefur verið birt ný heilbrigðissamþykkt fyrir vatnsverndarsvæðin. Í fylgiskjali 3 með þessari greinargerð er nánar gerð grein fyrir áherslum í eftirlit og vöktun vegna neysluvatns.

Í reglugerð um fráveitur og skólp eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrásu. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og skurðir eru víða mengaðir.

Skipulögð vöktunarverkefni eru í gangi og er ráðgert að halda þeim áfram í svipuðum farvegi. Niðurstöður mengunarmælinga eru birtar jafn óðum á heimsíðu stofnunarinnar.

[http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald\\_heimasida/Umhverfi/laekir\\_og\\_votn/Laekir\\_og\\_votn.htm](http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/laekir_og_votn/Laekir_og_votn.htm)

Niðurstöðurnar gefa ekki tilefni til að draga úr skipulegri vöktun. Rannsóknarkostnaður vegna þessara verkefna greiða viðkomandi sveitarfélög.

Heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með rekstri tveggja loftgæðamælistöðva. Færðanlegrar mælistöðvar í Kópavogi og mælingum við Norðurhellu í Hafnarfirði. Niðurstöður mælinganna nýtast við mat loftgæða bæði staðbundið og á svæðinu öllu. Til samanburðar nýtast einnig mælingar úr stöðvum Umhverfisstofnunar við Grensásveg í Reykjavík og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Nýleg ákvæði í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir um loftgæðamál kalla á óflun grunnupplýsinga um ástand loftgæða. Stefnt er að auknum mælingum í Hafnarfirði í ljósi þess mikla iðnaðar sem þar er kominn og á eftir að aukast.

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem bérast frá almenningi eru einnig hluti af umhverfisvöktun. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögunum vegna umferðarhávaða og munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum.

## Dýraeftirlit

Deilumálum sem tengjast dýrahaldi í fjöleignahúsum fjölgar í kjölfar breytinga á fjöleignahúsalögum fyrir nokkrum misserum. Fylgja þessum deilumálum kvartanir og fyrirspurnir.

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörsu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Samningar eru um hundageymslu og kattageymslu. Samningum þessum fylgir kostnaður og hefur heilbrigðiseftirlitið haft umsjón með málaflokknum. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna.

Nýskráningum hunda fjölgar ekki eins og áður. Hvatning til hundeigenda til að sækja grunnnámskeiði í hundauppeldi með lækkun eftirlitsgalda virðist skila árangri. Fá afskipti af hundum sem farið hefur verið með á námskeið styðja þá ályktun. Kvörtunum og afskiptum vegna hunda hefur ekki fjölgað á sama hátt og dýrum. Afgreiðsla skráninga krefst meira vinnuframlags vegna ákvæða fjöleignahúsalaga. Góð aðstaða er til að geyma hunda sem taka þarf í vörsu en eftirlitsmaður hefur aðgang að dýrageymslu allan sólarhringinn. Hundar sem fara á flæking eru nú oft auglýstir á miðlum á internetinu. Komast þeir þar oft til skila og er af þeim ástæðum minni þörf fyrir geymsluna. Lögreglan hefur einnig breytt sínum vinnubrögðum og sinnir lítið kvörtunum vegna ónæðis af hundahaldi eða lausagöngu. Vistun flækingshunda hefur við þessar breyttu aðstæður fækkað verulega.

Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinarfélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta. Reiknað er með að sá samningur verði framlengdur.

Breyting varð á eftirliti með forðagæslu og búfjárhaldi áramótin 2013 og 2014. Eftirlit með dýravelferð færðist þá frá sveitarfélögunum til ríkisins. Sveitarfélögin fengu á sama tíma verulegar auknar skyldur varðandi afskipti og vörsu dýra sem lenda í lausagöngu og hefur heilbrigðiseftirlitið séð um þann þátt. Ekki er talið rétt að draga úr vinnuframlagi við dýraeftirlit.

## Eftirlit með tóbakssölu

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérvslun er með tóbak. Sölustaðir eru um 50 talsins. Í ljós hefur komið að fjöldi afgreiðslufolks við tóbakssölu hefur aukist á ný og er í ljósi þess fyllsta ástæða til að draga ekki úr þessu eftirliti.

## Fjármál og rekstur

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Vegna matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlits. Tímagjald er kr. 10.800 og sýnatökugjald kr. 12.600. Lagt er til að tímagjald verði kr. 11.000 og sýnatökugjald verði kr. 13.000. Tilögur að gjöldum samkvæmt gjaldskrá eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. 3.mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Vegna hundahalds. Árlegt eftirlitsgjald er kr. 12.600 (kr. 6.300 með afslætti). Skráningargjald er kr. 13.600. Lagt er til að árlegt eftirlitsgjald verði óbreytt en skráningargjald verði kr. 14.000 og 18.000 eftir útrunnin frest. Fyrir bráðabirgðaskráningu er greitt hálfþ skráningargjald.

Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins vinna samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsmannafélag Garðabæjar, samflot bæjarstarfsmannafélaga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Stéttarfélag verkfræðinga. Spá um þróun launamála næsta ár liggur ekki fyrir. Fyrilliggur samkomulag við sum bæjarstarfsmannafélög þess efnis að afturvirkur gildistími nýs samnings verði frá 1. maí 2015 þó svo að viðræður dragist fram í október

Heilbrigðiseftirlitið er með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt akstursamningum og akstursdagbókum. Staðið hefur til að að stofnunin eignist eina bifreið til viðbótar. Yrði það til að auka hagræðið við eftirlit og lítils háttar fjáhagslegur áviningur. Utan um hald um rekstur bifreiða vegur þar á móti.

Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verksviði stofnunarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum. Matvælasýni ber að taka til mælinga vegna matvælaöryggis. Slík sýni eru tekin í reglubundnu eftirliti og í skipulögðum eftirlitsverkefnum á landsvísu sem unnin eru í samstarfi við Matvælastofnun í sama tilgangi. Innheimta ber kostnað við sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu. Jafnaðargjald er vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitsáætlun. Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru lítils háttar vegna matvæla en aðallega vegna mengunarvarnaeftirlits og umhverfisvöktunar. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Möguleiki til að innheimta rannsóknarkostnað er að jafnaði ekki fyrir hendi.

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel en því fylgir jafnframt nokkur kostnaður. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla. Aðkeypt sérfræðiþjónusta s.s. lögmannna getur verið sveiflukennd en reiknað er með að hún aukist. Einnig þarf vegna umhverfisvöktunar og mengunarvarnaeftirlits að gera ráð fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónusta. Aðkeypt þjónustugjöld hjá banka hafa hækkað og kostnaður vegna móttöku greiðslukorta bæst við.

28. september 2015  
Guðmundur H. Einarsson.

#### Fylgiskjöl

1. Þróun í umhverfisvöktun frá árinu 2000.
2. Yfirlit yfir mengunaróhöpp.
3. Öryggi og framkvæmd vatnsverndar í nánustu framtíð.

### Fylgiskjal 1    Próun í umhverfisvöktun frá árinu 2000.

Stikklað á stóru í framkvæmd umhverfisvöktunar, þ.e. mælingum á umhverfisþáttum, sem heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur staðið fyrir. Það er á sviði loftgæðamælinga og gerlamælinga í vötnum, lækjum og strandsjó. Í samtektinni er einnig vikið að almennu ástandi málafloksins og aðgerðum sveitarfélaganna.

Rétt er að halda til haga að ofangreindar mælingar eru aðeins hluti af umhverfisvöktun. Til annarrar vöktunar má m.a. nefna:

- a. Hávaðamælingar. Reynt er að bregðast við kvörtunum frá almenningi eins og kostur er. Slíkar mælingar eru tímafrekar og oft erfiðar.
- b. Hreinsistöð fráveitu Hafnarfjarðar. Reglubundnar mælingar á gerlum og tilteknunum efnum í móttaka.
- c. Grunnvatnsrannsóknir. Viðamiklar efnamælingar á grunnvatni, neysluvatni.
- d. Vöktun á virkni mengunarvarnabúnaðar hjá ýmsum starfsleyfisskyldum fyrirtækjum
- e. Vöktun með almennri umgengni í bæjarlöndum sveitarfélaganna og þá ekki síst á vatnsverndarsvæðum.

#### Loftgæðavöktun:

- Frá tíunda áratugnum og fram á árið 2008 rak heilbrigðiseftirlitið loftgæðastöð við leikskóla á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði í samvinnu við Hollstuvernd ríkisins (forvera Umhverfisstofnunar). Í stöðinni var mælt ryk (PM10) og flúor. [ Á sjöunda áratugnum hóf s.n. Flúornefnd rannsóknir á styrk flúors í gróðri og vatni til að vakta loftborna flúormengun frá álverinu í Strausmvík. Árlega síðan þá hafa verið gefnar út skýrslur með samantekt á þessum mælingum. Umhverfisstofnun yfirtók síðar starfsemi nefndarinnar og álverið annast þessar mælingar um nokkurt skeið og hefur það fengið til þess sérfræðinga frá Nýsköpunarsmiðstöð. Sama stofnun hefur í fáein skipti af tilhlutan álversins framkvæmt rannsóknir á styrk PAH-efna og ýmissa þungmála í kræklingi í Straumsvík í samræmi við ákvæði í starfsleyfi álversins.]
- [Haustið 2007 hóf Umhverfisstofnun mælingar í samvinnu við ÍSAL í sjálfvirkri loftgæðastöð (svipað núverandi stöð heilbrigðisnefndar í Kópavogi). Stöðin er í jaðri bílastæðis Golfklúbbs Keilis skammt frá leikskólanum þar sem fyrri stöð var staðsett. Hafnarfjarðarbær lætur í té lóð undir mælistöðina og skaffar henni rafmagn]
- Heilbrigðisnefnd kostaði mælingar á styrk PAH-efna í andrúmslofti haustið 2005. Efnin geta verið heilsusaðleg og vitað er að meðal helstu uppsprettu er umferð og rekstur álvera. Slíkar mælingar höfðu ekki áður farið fram á Íslandi. Leigður var búnaður frá Noregi og tekin 10 valin sólarhringssýni við íbúðabyggðina við Ásland í Hafnarfirði. Sýnin voru tekin á tímabilinu september til nóvember 2005 og send utan til mælinga.  
[ Mælingar á PAH-efnum eru enn frekar sjaldgæfar á Íslandi ef undan er talið að í starfsleyfum álverana í Hvalfirði og á Reyðarfirði er mælt fyrir slíkum mælingum og Vinnueftirlitið mun hafa staðið að mælingum í vinnuumhverfi.]
- Árið 2008 hóf heilbrigðisnefnd rekstur færnanlegrar loftgæðastöðvar í Kópavogi að frumkvæði Kópavogsþærjar. Í stöðinni fara fram símælingar á ryki (bæði PM 10 og PM 2,5), á brennisteinsvetni, brennisteinsdíoxíðum og köfnunarefnisoxíðum ásamt ýmsum upplýsingum um veður. Stöðin hefur verið staðsett víða í bæjarlandinu og þá oftast á íðbúðarsvæðum allt frá Marbakkabraut í vestri og að Lækjarbotnum í austri. Stöðin var lánuð og staðsett í landi Heimalands undir Eyjafjallajökli frá maí og til júní 2010 til að mæla loftgæði vegna eldgossins í Eyjafjallajökli 14. apríl til 23. maí 2010. Mælistöðin var við leikskólan Marbakka frá júní til október 2008 og júní til september 2009, við Áhaldahús Kópavogs við Álalind október 2008 til júní 2009, við leikskólan að Álfkonuhvarfi júní 2009 til apríl 2010, við neysluvatnstanck Vatnsveitu Kópavogs á Digranesheiði frá júlí 2010 til september 2012, við skólastofnunina í

Lækjarbotnum september 2012 til maí 2014, og svo við leikskólanum að Dalsmára frá maí 2014 og er þar enn.

- Mæliniðurstöður sýna að loftgæði í Kópavogi eru góð. Áhrif Hellisheiðavirkjunar á loftgæði mældust tölverði í Lækjarbotnum. Aðgerðir sem Orkuveitan er í til að draga úr loftmengun frá Hellisheiðavirkjun munu vonandi skila bættum loftgæðum. Mælingar í loftgæðastöðvum á höfuðborgarsvæðinu á undan fórum misserum, þ.m.t. í stöðinni í Dalsmára benda til þess að aukin umferð sé að valda vaxandi rykmengun og hækkun á styrk köfnunarefnisoxíða. Niðurstöður sem kalla á frekari mælinar og rýni. [ Í febrúar 2015 setti Orkuveita Reykjavíkur í samráði við Umhverfisstofnun upp mælistöð á lóð leikskólans í Lækjarbotnum til að vakta styrk brennisteinsvetnis ( $H_2S$ ) vegna álags frá gufuafsvirkjunum fyrirtækisins á Hellisheiði og á Nesjavöllum. ]
- Að frumkvæði Hafnarfjarðarbæjar hófust í nóvember 2013 rykmælingar að Norðurhellu 2 í Hafnarfirði, þ.e. á lóð þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðar. Sá mælir tekur 1000 sinnum meira loftmagn í gengum tækið en stöðin í Kópavogi og er hægt að mæla ýmis efni sem safnast á ryksíur tækisins. Auk mælinga á magni ryks eru tekin tilvillianakennt sýni til mælinga á ýmsum þungmálum en auk þess væri hægt að mæla styrk annarra umhverfisskaðlegra efna eins og t.d. PAH-efna. [ Náttúrufræði stofnun Íslands hefur um langt árabil tekið þátt í Evrópsku rannsóknarverkefni þar sem mældir eru þungmálmrar í mosa. Sýni hafa verið tekin á 5 ára fresti og skýrslur komið út þremur árum síðar. Rannsóknirnar hafa sýnt fram á staðbundið álag í kringum iðjuverin í landinu og þá ekki síst í Straumsvík. Loftgæðamælingar á Norðurhellu hafa staðfest að um mjög staðbundna mengun er að ræða. ]

Á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins (<http://heilbrigdiseftirlit.is/>) birtast jafnharðan samtímamælingar frá stöðinni í Kópavogi og einnig með leyfi Umhverfisstofnunnar mælingar frá stöðvunum á Hvaleyrarholti og í Lækjarbotnum. EKKI er tækjabúnaður í stöðinni á Hvaleyrarholti til símaelinga á flúor. Sýnum er því safnað og þau greind á rannsóknarstofu. Niðurstöður þeirra mælinga eru birtar reglulega í skýrslum. Sama gildir um mælingar sem fram fara í stöð heilbrigðisnefndar á Norðurhellunni. Þar er sýnum safnað og þau mæld á rannsóknarstofu og skýrslur gerðar. Áform er að koma þar upp samhliða tækjum hliðstæðum og í stöðinni í Kópavogi og verða þær niðurstöður einnig sýnilegar á vef eftirlitsins.

Aðrir loftgæðamælar á landinu má einnig sjá á heimasíðu Umhverfisstofnunnar (<http://www.ust.is/einstaklingar/loftgaedi/maelingar>)

#### Vöktun yfirborðsvatns vegna útvistar og verndunar náttúrulegra gæða

- Yfirborðsvatn, vötn, ár, lækir og strandsjór í og í námunda við þéttbýli er ávallt undir tölverðu á lagi. Gerlamengun vegna laskaðra eða lekra fráveitulagna eða rangtenginga er algengasta ástæðan. Ónóg hreinsun við skolpútrásir og of stuttar útrásir geta einnig leitt til mikillar gerlamengunar í strandsjó. Gerlamælingar í yfirborðsvatni á vegum heilbrigðis-eftirlits á svæðinu eiga sér meira en aldarfjórðungs gamla sögu. Þær hófust fyrst reglubundið á suðurhluta núverandi eftirlitssvæðis en frá myndun Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis árið 1999 hafa gerlamælingar verið samræmdar yfir allt svæðið. Þá eru lækir og vötn undir á lagi, mismiklu eftir aðstæðum, vegna efnamengunar frá nærliggjandi götum, bílastæðum, lóðum og opnum svæðum auk þess sem byggð getur haft mikil áhrif á vatnsbúskap þeirra.
- Skolp frá byggðinni er að lang stærstum hluta veitt í sjó eftir einsþrepa hreinsun. Í Hafnarfirði er hreinsistöðin í Hraunavík sunnan eða vestan Hvaleyrarholts. Stöðin hóf rekstur síðla árs 2009. Fyrir var stöð við Óseyrarbraut sem tekin var í gagnið á tíunda áratugnum en þjónar nú hlutverki dælustöðvar. Á undanförnum misserum hafa virkjanir neyðarútrása í fráveitu Hafnarfjarðar verið alltof tíðar. Farið var í úrbætur á miðlunar-tankinum sem kenndur er við Ósinn vorið 2015. Lagfæra átti útfærslu hans eða leiðréttu

hönnunarmistök. Þá kom í ljós að búnaður í og við miðlunartankinn var illa farinn og hafa viðgerðir sem upphaflega áttu að taka ca. tvær vikur staðið yfir í allt sumar.

Frá Garðabæ og Kópavogi fer nánast allt skolp í gegnum dælustöðvar í hreinsistöð sem Reykjavík rekur í Ánanaustum. Undantekningin eru fáein hús ofan þéttbýlisins í Kópavogi sem eru á rotþróm og síðan Álfanes í Garðabæ en hús þar eru með rotþrær. Stærsta útrásin frá þeim er í lögn sem liggur til vestur út í sjó hjá Hrakhólum. Dælur í dælustöðvum í Kópavogi og í Garðabæ hafa verið endurnýjaðar á síðustu árum sem hefur leitt til þess að neyðarútrásir þar eru nýttar mun sjaldar en fyrr.

Afrennsli frá götum, bílastæðum, lóðum og lendum er leitt í jörð eða í yfirborðsvatn. Í eldri hverfum er slíkt vatn sum staðar leitt í skolpveituna.

- Frá árinu 2001 hefur reglubundin gerlavöktun á yfirborðsvatni og strandsjó farið fram þrisvar á ári, nema árin 2009 og 2010. Heilbrigðiseftirlitið birtir ávallt á aðgengilegan hátt niðurstöður gerlamælinga í umhverfi á sinni heimsíðu (<http://heilbrigðiseftirlit.is/>). Þar má sjá mælingar mörg ár aftur í tímann.
- Undan farin ár hefur vöktunin verið efld. Bætt hefur verið við nokkrum fjölda sýnatökustaða, þá helst á stöðum þar sem álagið hefur aukist vegna íbúafjölgunar eða uppbyggingar á atvinnuhúsnaði í námunda við vatnasvið eða strandsjó. Hér má nefna Urriðavatn og strendur Kársness og Garðaholts.
- Niðurstöður gerlamælinga sýna að gerlamergð meðfram ströndinni allri og í lækjum og vötnum hefur lækkað talsvert sl. 15 ár vegna aðgerða eða framkvæmda á vegum sveitarfélagana. Þau hafa ekki síst undanfarin á lagt mikla áherslu á að finna og lagfæra laskaðar lagnir og rangtengingar í fráveitukerfum. Þess gætir hvað mest í gerlamergð í lækjum og vötnum en víðast hvar hefur sá styrkur minnkað jafnt og þétt og sýnileg mengun að sama skapi.
- En mælingar og reglubundin vöktun með lækjunum hefur einnig sýnt fram mikilvægi þess að áfram verði fylgst með útrásum sem opnast í vötn og læki. Staðir sem hafa haft lága líftölu (fáa gerla) eiga það til síðar að stökkva upp í fjölda sem rekja má til breytinga á fráveitukerfum, þ.e. vegna rangtenginga. Sem dæmi um slíkt má nefna óvænta gerlamengun sem uppgötvaðist í útrás yfirborðsvatns í Elliðavatn nálægt Dimmuhvarfi, þ.e. skammt frá útfallinu úr Elliðavatni. Eftir mikla leit fundust hús sem voru rangtengd. Það er einkar mikilvægt að slík mistök uppgötivist sem fyrst.
- Í samræmi við ákvæði reglugerða hafa verið unnar heildarúttektir á helstu vötnum á eftirlitssvæðinu. Elliðavatn 2001-02, Urriðavatn 2005-06, Vífilstaðavatn 2007-08 og Ástjörn 2009. Hluti úttektanna fól í sér nákvæmar og ítarlegar efna- og gerlamælingar og mat var þar lagt á áhættuþætti. Þá var í skýrslunum mörkuð stefna um hvenær endurtaka ætti vöktunar-mælingar á efnum í viðkomandi vatni og hefur verið leitast við að fylgja því eftir.

Almenn viðhorfsbreyting er að verða í samfélaginu til umhverfis- og mengunarmála. Almenningur gerir kröfu til heilnæms umhverfis. Sveitarfélög á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hafa sýnt það að þau vilja standa undir þeim væntingum og hafa í raun einnig stuðlað að þessari viðhorfsbreytingu með því að styðja og kosta þá vöktun sem Heilbrigðisnefndin stendur fyrir og eins með því að nýta þær niðurstöður sem þar fast til aðgerða og stefnumörkunar.

Það er mat heilbrigðiseftirlits að ekki sé ástæða til að draga úr vöktun stranda og yfirborðsvatns. Þessi svæði hafa mikið útvistargildi og fyllsta ástæða til áframhaldandi öflugrar vöktunar.

Um mikilvægi loftgæðavöktunar þarf varla að ræða. Eldgosíð í Holuhrauni sannfærði þjóðina alla um nauðsyn hennar. Staðbundnari mengunaruppsprettur í borgarsamfélentinu kalla líka á vöktun. Það er mat heilbrigðiseftirlits að mikilvægt sé að Hafnarfjörður hrindi strax í framkvæmd áformum sínum um að efla loftgæðastöðina við Norðurhellu.

## Fylgiskjal 2 Yfirlit yfir mengunaróhöpp á svæði Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

Samantekt yfir mengunaróhöpp á svæði Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis fyrir árin 2010 til 2015 (1. sept. 2015) ásamt upplýsingum um kvartanir er borist hafa og tengjast mengandi starfsemi. Því fer við fjarri að öll mengunaróhöpp tengist atvinnurekstri sem er starfsleyfisskyldur og því síður atvinnurekstur sem er með starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Í raun eru fæst óhappanna tengd slíkri starfsemi. Það geta líka verið óljós skil hvenær atburður eða ábending um eitthvað sé skráð sem mengunaróhapp eða ekki. Oft leiða slíkar upplýsingar til þess að hægt sé að koma í veg fyrir óhapp eða hægt hafi verið að grípa það fljótt inn að afleiðingar hafi orðið litlar. Því eru upplýsingar um kvartanir hafðar með. Ef atburður er skráður sem mengunaróhapp hefur hann kallað á töluvert vinnuframlag. Sum mengunaróhöppin kölluðu á mjög mikið vinnuframlag bæði á slysstað og í ýmiss konar eftirfylgni.

Í samtektinni hér að neðan eru eftirfarandi gögn dregin saman:

- Umfjöllun um sérhvert ár.
  - Úr skýrslu um samantekt kvartana, mengun.
  - Úr ársskýrslu heilbrigðisnefndar
  - Alvarlegustu eða tímafrekustu mengunaróhöppin
- Samantekt, lokaorð.

### 2010

Mengun		Skýring
Vandamál tengd fyrirtæki	47	Varðar m.a. úrgang frá starfsemi, ryk- og duftmengun og hávaða frá atvinnurekstri
Mengunarslys - óhöpp	9	Saur- eða olfumengun í yfirborðsvatni, olíulekar og mengaður jarðvegur
Loft - lykt	36	Varðar mengun frá starfsemi og matvælavinnslu ásamt Hellisheiðavirkjun
Annað	31	Umhverfisáhrif frá starfsemi sem ekki er leyfis- eða eftirlitsskyld
<b>Samtals</b>	<b>123</b>	

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 123 sem er nokkru fleiri en á síðasta ári. Flestar kvartanir tengdust starfsemi ákveðinna fyrirtækja sem eru starfsleyfiskyldeð eða 83, þar af 9 um ólykt eða fnyks frá hausapurrkun. Þá bárust 10 kvartanir um ólykt frá ýmis konar annarri starfsemi. Kvartanir um hávaða voru allmargar. Frá starfsleyfisskyldum fyrirtækjum samkvæmt mengunarvörnum voru 6. Frá matvælafyrirtækjum 6 og íþróttahúsum 3. Aðrar kvartanir dreifðust á ýmis konar starfsemi. Kvartanir eða ábendingar um mengunarslys og óhöpp voru níu. Þá sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölu.

- Eldur í gröfum á grannsvæði vatnsbóla
- Beinaleifar finnast. Grunsemd um miltisbrand
- Mengað neysluvatn í íbúðarhverfi

### 2011

Mengun		Skýring
Vandamál tengd fyrirtæki	29	Úrgangur, ryk- og duftmengun og hávaði frá starfsemi.
Mengunarslys - óhöpp	2	Dreifing á fljótandi svínaskít og óhapp við flutning á lífrænum úrgangi
Loft - lykt	34	Frá frá matvælavinnslu s.s. hausapurrkun og kjötvinnslu og frá Hellisheiðavirkjun
Annað	39	Vegna starfsemi sem ekki er leyfis- eða eftirlitsskyld
<b>Samtals</b>	<b>104</b>	

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 104 og er sá flokkur nokkur fjölbreytilegur. Um helmingur var vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Auk fyrnefndra kvartana voru 5 kvartanir undan ónæði vegna lyktar eða hávaða frá veitingastöðum. Algengustu kvartanir voru vegna ólyktar eða 34, þar af 10 um ólykt eða fnyk frá hausapurrkun. Kvartanir um hávaða og úrgang við starfsleyfisskylda starfsemi voru nokkrar eða 11. Þá barst 41 kvörtun undan ónæði eða mengun frá öðrum íbúum eða starfsemi eða athafnasemni sem ekki telst samkvæmt reglugerðum falla reglubundið eftirlit heilbrigðinefnda. Þar er t.d. um að ræða ólykt frá kamínum og ruslabrennslu svo og hávaða eða ónæði frá mannvirkjagerð. Þá sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölu.

1. Olíuslys á hafnarsvæði.  
 2. Olíuóhapp á vatnsverndarsvæði, við Suðurlandveg

2012

Mengun		Skýring
Vandamál tengd fyrirtæki	29	Varðar ryk- og duftmengun, hávaða frá atvinnustarfsemi o.fl.11).
Mengunarslys - óhöpp	8	Mengun í lækjum eða fjöru, efnaslys og olíuóhöpp, þ..m.t í höfn
Loft - lykt	30	Frá starfsemi s.s. hausapurrkun og kjötvinnslum
Annað	15	Vegna starfsemi sem ekki er leyfis- eða eftirlitsskyld
Samtals	82	

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 82 og er sá flokkur fjölbreytilegur. Um helmingur var vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Hluti annarra kvartana tengdist annarri starfsleyfisskyldri starfsemi. Þannig voru 15 kvartanir um ónæði vegna hávaða og þá flestar frá veitingastöðum og íþróttahúsum. Vandamál er tengjast lykt eða ólykt eru sem fyrri áberandi í kvörtunum undan atvinnustarfsemi eða 30 kvartanir. Þær skiptust nokkuð jafnt á milli hausapurrkunar (10), kjötvinnsla og annarrar matvælavinnslu (9) og iön- og úrgangsfyrirtækja (11). Eftir aðgerðir og úrbætur ársins er von til að slíkum kvörtunum muni fækka verulega milli ára. Fjögur atvik eru skráð sem mengunaróhöpp, efnaslys eða minniháttar olíuóhöpp. Þá sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum.

1. Skip með leka olíutanka
2. Lífræn mengun á strandlengju
3. Olía flæddi læk
4. Efnaslys að á atvinnusvæði
5. Olíumengun á hafnarsvæði
6. Olía flæddi um götur atvinnusvæðis

2013

Mengun		Skýring
Vandamál tengd fyrirtæki	29	Varðar niðurrif, hávaða o.fl.
Mengunarslys - óhöpp	13	Bruni í skipi, efna- og olíumengun í lækjum o.fl.
Loft - lykt	22	Mengun frá atvinnurekstri sem heilbrigðisnefnd veitti leyfi fyrir, helst kjötvinnslur, málmsteypur og úrgangsfyrirtæki
Annað	20	Starfsemi sem ekki er leyfis- eða eftirlitsskyld hjá heilbrigðis-nefnd. Bílskúrsstarfsemi, heimareykingar á matvælum o.fl.
Samtals	84	

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 84 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Þrettán atvik eru skráð sem mengunaróhöpp, efnaslys eða minniháttar olíuóhöpp. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti einnig mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum. Í fæeinum tilvikum ollu olíuóhöpp óþægindum og kostnaði þó um lítið magn af olíu væri að ræða. Má þar nefna að bifreið sem lak olíu var skilin eftir á bílaplaní. Úrkoma varð til þess að olían flæddi út á umferðaræð og dreifðist um stórt svæði, götuna og inn á bílastæði og gangstéttar og með miklum óþrifum. Annað dæmi má nefna þar sem hulinna olíutankur í jörð í ísbúðarhverfi laskaðist við framkvæmdir. Lítið magn af olíu var í tanknum en vegna rigninga lak hún út í jarðveginn. Afleiðingin varð lyktarmengun í a.m.k. tveimur nærliggjandi húsum sem varði í nokkurn tíma. Þrjú mengunarslys á svæðinu fengu nokkra umfjöllun í fjölmöldum. Í febrúar fór tölverð olía út í umhverfið þegar verið var að dæla olíu á eldsneytistank á bensínstöð. Í fyrstu var talið að um lítið magn hafi verið að ræða og voru viðbrögð í samræmi við það. Síðar kom í ljós að magnið var mun meira og barst olía m.a. í regnvatnskerfi bæjarins og þaðan í yfirborðsvatn. Í maí mánuði varð olíuslys, flugóhapp í Bláfjöllum. Með réttum viðbrögðum og vegna hagstæðra aðstæðna náðist að hreinsa megnið upp en atvikið fékk mikla umfjöllun. Loks má nefna að mengunar varð vart í Kópavogslæk helgina 11. og 12. maí 2013. Litaðist lækurinn af hvítu svíflægu efni er varði á priðja sólarhring. Mengunin var við eftirgreßlan rakin til viðhalds á þaki bílageymslu í Breiðholti. Um var að ræða þússningar- og málningarvinnu, þar sem hvítu dufti hafði verið hellt niður í ræsi á bílastæði sem síðan átti greiða leið út í regnvatnskerfi Reykjavíkurborgar þaðan undir Reykjanesbrautina og áfram í Kópavogslækkinn. Annars var Kópavogslækur undir nokkru álagi 2013 því einnig bárust ábendingar um olíubrák í júni og júlí og var ein þeirra rakin til yfirborðsvatns sem barst frá nærliggjandi ísbúðarsvæði. Þann 30.10.2013 kvíknaði í flutningaskipinu Fernöndu vestan Vestmannaeyja. Þegar talið var að eldurinn væri kulnaður dró varðskip skipið inn til Hafnarfjarðar. Svo illa tókst til að eldurinn blossaði upp á ný. Ekki tókst að

hemja eldinn og var skipið dregið út aftur síðla sama dag. Á meðan á þessu stóð lagði reyk yfir hafnarsvæðið og um tíma einnig inn í nærliggjandi íbúðabyggð.

1. Oliutankur fellur neðan úr þyrlu við Bláfjallaveg
2. Logandi skip
3. Mengunarslys við áfyllingu á eldsneytistank bensínstöðvar
4. Gamall skíðaskáli brennur á vatnsverndarsvæði í Bláfjöllum
5. Kópavogslákur mengast í á þriðja sólarhring vegna framkvæmda í Breiðholti

#### 2014

Mengun		Skýring
Vandamál tengd fyrirtæki	39	Varðar niðurrif, hávaða, o.fl.
Mengunarslys - óhöpp	14	Efna- og olíumengun í lækjum, olíulekar, mengun í útrásum o.fl.
Loft - lykt	16	Mengun frá atvinnurekstri sem heilbrigðisn. veitti leyfi fyrir, helst kjötvinnslur, málmsteypur, úrgangsfyrirtæki og bensínstöðvar.
Annað	15	V. starfsemi sem ekki er leyfis- eða eftirlitsskyld hjá heilbrigðisn. Bilskúrssarfsemi, mengun frá Holuhrauni, Hellisheiðavirkjun, mengun í mosa
<b>Samtals</b>	<b>84</b>	

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 84 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Fjórtán atvik eru skráð sem mengunaróhöpp, efnaslys eða minniháttar olíuóhöpp. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti einnig mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölu.

1. Oliuslys á Krysuvíkurvegi inni á vatnsverndarsvæði
2. Olía lak í stöðuvatn úr ræsi
3. Mengunaróhapp á Reykjanesbraut
4. Olíumengun í fráveitu
5. Olíumengun með óþekkt upphaf á hafnarsvæði
6. Olíumengun í sjónum
7. Olíumengun á hafnarsvæði
8. Mengun í læk

#### 2015

Helstu mengunaróhöpp sem af er árinu 2015 (< 1.sept)

1. Olía lekur niður á skipulagðri atvinnulóð.
2. Lyktarsterkum leysiefnum fargað í fráveitu
3. Olíumengun á hafnarsvæði (2 óhöpp)
4. Asbest í brunarústum
5. Mengun í læk (2)
6. Skolpmengun vegna stíflu í fráveitu

Ástæðan fyrir gerð þessarrar samantektar var að taka saman og skoða umfang þessa þáttar í starfsemi heilbrigðiseftirlits. Þ.e. þeim þætti að sinna ábendingum um ónæði eða mengun sem íbúar hafa eða telja sig verða fyrir frá ýmiss konar athafnasemi og þá um leið að taka saman yfirlit yfir útköll og hjálparbeiðnir vegna mengunaróhappa sem eftirlitið hefur sinnt. Leggja eithvert mat á hvort það álit sé rétt að þessi þáttur sé sifellt að verða þýðingarmeiri í starfi eftirlitsins.

Þegar rýnt er í gögnin og eðli mengunarslysa eða óhappa sem sinnt hefur verið þá er um greinilega aukningu að ræða. Skráðar kvartanir voru flestar 2011 en alvarlegustu mengunarmálum það árið voru til að gera viðráðanleg. Sama má einnig segja um árið 2010 með þeim fyrirvara þó að það ár komu upp tvö mál sem gátu haft lýðheilsufarsleg áhrif og sem kölluðu á sterka aðkomu. Annars vegar þegar raskað var við miltisbrandsgröf og hins vegar þegar öryggi neyslуватns fyrir íbúa í all nokkrum húsum var ógnað.

Gögnin sýna að frá 2010 og 2011, hefur upplýsingum eða útköllum vegna mengunaróhappa fjöldað en þó vegur enn þyngra að þau kalla sifellt á vaxandi aðkomu. Ekki er ein einhlít ástæða fyrir þessari bróun. Þó er ljóst að almenn viðhorfsbreyting er að verða í samfélögum til umhverfis- og mengunarmála. Almenningur sem og starfsmenn fyrirtækja og bæjarfélaga láta vita þegar óhöpp verða. Skýring gæti verið að væntingar um hlutverk heilbrigðiseftirlits er að taka breytingum. Að heilbrigðiseftirlitið hafi veigamikið hlutverk þegar óhöpp verða og það búi yfir lausnum í samstarfi við sín sveitarfélög til að takast á við þann vanda sem uppi er hverju sinni.

### Fylgiskjal 3 Öryggi og framkvæmd vatnsverndar í nánustu framtíð

Á vordögum 2015 var nýtt vatnsverndarkort fyrir höfuðborgarsvæðið samþykkt í sveitarstjórnunum allra 6 sveitarfélaganna sem eiga land innan sameignlega vatnsverndarsvæðisins, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík og Mosfellsbær. Nýja vatnsverndarskipulagið er nú hluti af svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Ný heilbrigðissamþykkt var síðan undirrituð þann 19. júní í Höfða í Reykjavík af Umhverfisráðherra. Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnsesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Nr. 55/2015. Nýtt skipulag byggir á sterkari fræðilegum grunni en fyrra skipulag. Skilgreiningar hafa breyst að hluta. Mörk hnökast til en í heildina staðfesti vinna við rennslislíkan o.fl réttmæti fyrra skipulags. Nýja samþykktin er ítarlegri en sú fyrri. Aðdragandi endurskoðunar á skipulagi og á samþykkt hefur aukið skilning á mikilvægi vatnsverndar og þá um leið styrkt stöðu þessa málaflokkks.

Öryggi vatnsverndarinnar krefst sífeldar vöktunar.

- Bláfjallafolkvangur og 72. gr. samþykktarinnar kveða á um að:

„Óheimilt er að veita leyfi fyrir nýjum framkvæmdum og rekstri innan vatnsverndarsvæðisins í Bláfjallafolkvangi fyrr en fullnægjandi mótvægisáðgerðir hafa farið fram, til að lágmarka mengunarhættu vegna umferðar, að mati heilbrigðisnefndar.“

Þær mótvægisáðgerðir sem helst er rætt um er að laga veg og vegaumhverfið frá Suðurlandsvegi og að skíðasvæðunum. Það eru leyfisskyldar framkvæmdir. Hvenær vegurinn telst fullnægjandi er matskennd ákvörðun sem heilbrigðisnefnd þarf að koma að. Vegurinn frá Undirhlíðum og upp á Bláfjallaveg er til staðar en þarfnast úrbóta. Það þarf að taka afstöðu til hans.

- Skíðasvæðin hafa uppi áform um snjóframleiðslu. Þrýst er á lagfæringar á veginum.
- Framkvæmdir á vegum Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fara sem fyrr fram án samráðs.
- 3H Travel ehf. hefur heimild forsætisráðuneytis til nýtingar Þríhnúkagígs. Sú heimild er tímabundin en líkast til verður framtíðarleyfi auglýst. Í kjölfarið gætu komið umsóknir um gerð aðkomuvegar og um aðrar framkvæmdir. Umhverfismat hefur farið fram en framkvæmdirnar eru leyfisskyldar.
- Frekari uppbrygging í Bláfjöllum kallað líklega að öðru óbreyttu á nýja raflögn inn á svæðið.
- Styrking SV-lína er framundan. Fyrir liggur samþykkt umhverfismat þar sem gert er ráð fyrir að nýjar línum verði við hlið fyrri línu rétt austan Heiðmerkur, mjög nærri vatnsbólum, einkum Vatnsendakrika og Kaldábotnum. Mikil vélavinna, efnisflutningar o.s.frv. Oliuþöpp við þá framkvæmd væri ógn við vatnstöku viðkomandi vatnsveitna. Vantar upplýsingar um dreifingu mengunarefna til grunnvatns svo nærri vatnsbólunum. Framkvæmdin er leyfisskyld en ábyrgðin er óskýr (mengunarþótrakrafa).
- Ekki hefur verið girt austanvert við vatnsbólum í Vatnsendakrika á viðunandi hátt. Nauðsyn að ljúka girðingarvinnu sem fyrst. Úfið hraunið hefur verið látið nægja sem vörn fyrir fótgangandi.
- Skipulag, umferð og vegamál í Heiðmörk og í jaðri hennar þarf að taka á.
- Áform Landsnets er að reisa spennistöð á grannsvæði vatnsbóla norðan Suðurlandsvegar. Það er í ósamræmi við nýsamþykkta samþykkt.
- Varaflsstöð Vatnsveitu Hafnarfjarðar er inni á brunnsvæði. Sama gildir um varaflsstöð á Jaðri á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Er ekki í samræmi við heilbrigðissamþykktina. Þarf að breyta.
- Þegar SV-línur hafa lagt nýju línumnar er áformáð að taka niður tilteknar háspennulínur innan vatnsverndarsvæðisins. Leyfisskyld framkvæmd sem þarf að huga vel að.

Verkfraðistofan Vatnaskil vann grunnvatnslíkan fyrir svæðið sem byggt var á samantekt upplýsinga. Mikil vinna var lögð í gerð líkansins sem er grundvöllur flokkunar, legu og stærðar verndarsvæðanna.

Heilbrigðisnefndir svæðisins hafa á undanförnum árum kallað eftir grunnrannsóknum til að treysta grundvöll vatnsverndar og þá ekki síst til að auðvelda mat á streymi mengunarefna innan svæðisins ef óhapp yrði. Það kom skírt fram eins og lagt var upp með við endurbætur grunnvatnslíkansins að það gæti ekki svarað ofangreindum atriðum. Það væri önnur nálgun sem ekki var kallað eftir í þeirri vinnu sem fór fram við þessa endurskoðun.

Það varð niðurstaða að krefja þá aðila sem áforma framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu um að leggja fyrst fram slika útreikninga og áhættumat. Þær framkvæmdir sem boðaðar hafa verið og sem helst teldust til áhættu væru framkvæmdir við SV-línur, vegaframkvæmdir í Bláfjöllum og eftir umfangi hugsanlegar framkvæmdir við Þríhnúka. Sama gæti einnig gilt um vegaframkvæmdir í Heiðmörk komi til þeirra. Sem almenn mótvægisáðgerð kemur helst til álita að endurskipuleggja umferðarkerfi á grannsvæði vatnsbólanna í Heiðmörk og beina frá því svæði akstri vélknúinna ökutækja sem drifin eru áfram af jarðolíuelsneyti.